

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn



Sjálfsmatskýrsla

2020

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um skólann	4
Skipurit NTV skólans.....	5
Námsframboð	6
Skráning og brottfall milli námslína	7
Húsnæði og aðbúnaður Aðstaða nemenda:	9
Aðgengi:	9
Brunavarnir:	9
Kennslukannanir	10
Markmið og úrbætur	12
Eldri markmið.....	12
Bæta við fyrirfram uppteknu námsefni.....	12
Bæta svörun í kennslumati	12
Opna nýja heimasíðu	12
Markmið fyrir skólaárið 2021.....	13
Auka námsframboð á erlendum tungumálum.....	13
Bæta svörun í kennslumati	13
Auka sveigjanleika í námi	13
Opna nýja heimasíðu	13
Endurmenntun starfsmanna	13
Starfsmannakönnun.....	13
Meiri og betri upplýsingagjöf til utanaðkomandi kennara varðandi starfshætti.....	14
Betri svörun á Facebook síðu skólans	14
Kannanir til eldri nemenda	14

Inngangur

Sjálfsmat er mikilvægur þáttur í starfsemi Nýja tölvu- og viðskiptaskólans. Megin tilgangur þess er að rýna í markmiðasetningu, vinna niðurstöður úr nemendakönnunum og nýta þær upplýsingar til frampróunar í skólastarfinu. Tölulegar upplýsingar varðandi nemendafjölda milli námsbrauta, fjölda útskrifaðra nemenda ásamt brotthvarfi eru jafnframt settar fram en þær upplýsingar eru nýttar til samanburðar milli anna. Reglubundin yfirferð á húsnæði og aðbúnaði ýtir einnig undir að slíkt standist tilskyldar kröfur.

Um skólann

NTV skólinn er viðurkenndur fræðsluaðili í fullorðinsfræðslu og starfar sem slíkur samkvæmt leyfisbréfi frá Menntamálastofnun. NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi þar sem nemendur skólans geta skapað sér nýjan starfsvettvang á 12-18 mánuðum eða sótt sér aukna þekkingu og færni til að gera betur í núverandi starfi. Að sama skapi til að skapa sér bætta samkeppnisstöðu á ört breytilegum vinnumarkaði.

Skólinn hefur starfað óslitið síðan árið 1996, eða í 25 ár. Frá upphafi hafa um 30 þúsund nemendur farið í gegnum starfsmiðuð nám og námskeið hjá skólanum og er fjöldi nemenda vel á annað þúsund á ári í dag. Á milli 30-40 kennarar starfa við skólann og fjöldi fastráðinna starfsmanna er 6. Skólinn leggur ríka áherslu á að veita nemendum góða þjónustu og þægilega upplifun í náminu. Við skólann starfar námsráðgjafi sem nemendur hafa aðgang að.

Helstu námsbrautir skólans eru eftirfarandi:

- Bókhalds- og skrifstofunám
- Forritunarnám
- Gagnavísindi (Data Science)
- Kerfis- og netstjórnunarnám
- Margmiðlun og hönnun
- Markaðs- og rekstrarnám
- Stjórnenda og sérfræðinám

Námsefnið tekur mið af þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma og er námsefni endurskoðað og uppfært á allt að sex mánaða fresti í þeim starfsgreinum sem þróast hvað hraðast. Námsaðferðir skólans miðast að því að námið sé hagnýtt og nýtist fólki í starfi. Námið er sérstaklega verkefnaþætt og verkefni eru gerð eins raunhæf og hægt er á hverjum tíma. Kennararnir eru flestir með mikla reynslu af kennslu og starfandi í tengdri atvinnugrein í fyrirtækjum sem eru í fararbroddi á sínu sviði, það tryggir að skólinn og námsefnið er ávallt í samhengi við það sem atvinnulífið kallar eftir.

Sjálfsmat í NTV skólanum byggist m.a. á greiningu upplýsinga (nemendakannanir, brottfall, gagnrýni og fl.), fundum og almennum umræðum meðal starfsmanna og kennara. Að sjálfsmatinu koma allir starfsmenn skólans. Umsjón með sjálfsmatinu hefur skrifstofustjóri skólans.

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn Skipurit

Stjórn						
Framkvæmdastjóri						
Ritari Skrifstofustjóri	Bókhaldsbraut	Forritun	Kerfisstjórn	Sölu-, markaðs- og rekstrarnám	Margmiðlun	Annað
	Grunnnám í bókhaldi	Forritun grunnnám	Kerfisstjórnun 1.önn	Grunnur í markaðsfræði	Animation	Mannauðsstjórnun
Námsráðgjafi	Bókaránám framhald	Forritun 1.önn	Kerfisstjórnun 2.önn	Digital marketing	App og vefhönnun	Verkefnastjórnun
Gæðaráð	Viðurkenndur bókari	Forritun 2.önn	Kerfisstjórnun 3.önn	Sölu-, markaðs- og rekstrarnám	Grafísk hönnun	Gagnameistarinn
Umsjónamaður fjarnáms	Skrifstofuskólinn	Forritun 3.önn	Netstjóri		Premier Pro	Wordpress Stofnun og rekstur fyrirtækja

Námsframboð

Helstu námsbrautir skólans hafa verið kenndar í um og yfir 20 ár. Námsframboð skólans er breytilegt að hluta þar sem leitast er eftir því að svara eftirspurn á markaði hverju sinni. Árið 2020 voru eftirfarandi námslínur í boði:

Bókhaldsbraut

- Grunnám í bókhaldi og Excel
- Skrifstofuskóli NTV og Mímis
- Bókaránám framhald
- Að viðurkenndum bókará

Forritunarbraut

- Forritun grunnám
- Forritun diplóma 1. Önn
- Forritun diplóma 2. Önn
- Forritun diplóma 3. Önn

Kerfisstjórnun

- Kerfisstjórnun 1. Önn
- Kerfisstjórnun 2. Önn
- CCNA Routing & Switching
- CCNP Enterprise
- Tækniþjónusta
- Tölvuviðgerðir
- Netkerfi og öryggi
- Windows stýring og uppsetning
- Office 365

Margmiðlun

- Grafísk hönnun
- Premiere Pro
- Animation
- App og vefhönnun

Stjórnun

- Mannauðsstjórnun á mannamáli
- Verkefnastjórnun á mannamáli
- Gagnameistarinn

Sölu-, markaðs og rekstrarnám


- Grunnur í markaðsfræði/Digital marketing
- Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Námskeið fyrir VMST og stéttarfélög


- Grunnám í bókhaldi
- Skrifstofu- og tölvufærni
- Skrifstofuskólinn
- App og vefhönnun
- Digital marketing
- Stofnun og rekstur fyrirtækja
- Vefsíðugerð í Wordpress
- Grafísk hönnun

Skráning og brottfall milli námslína


Á sama tíma og skólinn leggur mikla áherslu á gæði námsins og að það sé ávallt í takt við þarfir atvinnumarkaðarins. Þá er unnið markvisst í að lágmarka brottfall nemenda úr námi eins og hægt er með hvatningu, aðhaldi og bætum kennsluaðferðum. Hér má sjá hvernig brottfall var í nokkrum helstu námslínunum skólans á árinu 2020. Hafa ber í huga að árið ver sérlega krefjandi fyrir alla á tímum heimsfaraldurs. Til samanburðar eru svokölluð sértæk úrræði, sem eru skjólstæðingar VMST og starfsmenntasjóða sem er boðið nám sem að mestu (90%) eða öllu leyti án endurgjalds.




Mynd 1 Heildarskráning milli námslína NTV skólans á vorönn 2020, þar sem sjá má hlutfall þeirra sem ljúka námi og brottvarf.



Mynd 2 Heildarskráning milli styrktra námsleiða á vorönn 2020 þar, sem sjá má hlutfall þeirra sem ljúka námi og brottvarf.



Mynd 3 Heildarskráning mill námslína NTV skólans á haustönn 2020, þar sem sjá má hlutfall þeirra sem ljúka námi og brotthvarf.



Mynd 4 Heildarskráning milli styrktra námsleiða á haustönn 2020 þar, sem sjá má hlutfall þeirra sem ljúka námi og brotthvarf.

Húsnæði og aðbúnaður

Aðstaða nemenda:

- Nemendur hafa aðgengi af skólatölvum og hugbúnaði
- Nemendur fá viðeigandi hugbúnað sem hentar þeirra námskeiðs þörfum
- Sameiginlegt rými með kaffi vél og vatnsvél
- Nemendaumhverfi aðgengilegt í gegnum skýjaþjónustu sem opin er allan sólahringinn

Aðgengi:

- Skólinn er ekki aðgengilegur utan opnunartíma fyrir nemendur
- Nemendur þurfa að gera grein fyrir sér við seinkomu
- Ekki hægt að ráfa um skólann eða kennslustofur án lykla
- Gott aðgengi er fyrir fatlaða

Brunavarnir:

- Skólinn fylgir öllum reglum um brunavarnir og eldvarnareftirlit og lítur eftirliti þar til gerðra eftirlitsaðila. Skólinn hefur skipað eldvarnarfulltrúa sem fer með samskipti við eftirlitsaðila.
- Brunaútgangar vel merktir með útgangsljósum sem ganga fyrir rafhlöðum
- Slökkvitæki af mismunandi gerðum til staðar á öllum hæðum skólans
- Slökkvitæki og brunakerfi yfirfarið ár hvert af fagaðilum
- Aðgerðaáætlun vegna bruna er kynnt fyrir nemendum


Kennslukannanir

Kennslukannanir eru eitt af mikilvægustu stjórnþækjum skólans og gefa mikilvægar upplýsingar frá nemendum um frammistöðu kennarar, uppbyggingu námsins, námsefni, endurgjöf og stuðning kennara, aðstöðu í skólanum ofl. Að auki koma fram margar mikilvægar ábendingar um úrbætur og nýjungar í þessum könnunum sem og annað sem nemendur vilja koma á framfæri um upplifun og reynslu sína í náminu. Þá gildir einu hvort nemendur eru í staðar- eða fjarnámi.


Skólinn hefur skilgreint nokkrar lykilspurningar þvert á brautir sem hjálpa til við að meta þróun og samanburð um gæði námsins:

- Heildarmat náms
- Framsetning og skipulag námsefnis
- Að námið muni nýtast í starfi
- Meðmæli með skólanum eftir nám


Hér að neðan má sjá niðurstöður úr könnunum fyrir árin 2019 og 2020.




Mynd 5 Ánægjustuðull úr kennslukönnunum þvert á námslínur.



Mynd 6 Mat nemenda á skipulagningu náms, þvert á námslínur.



Mynd 7 Mat nemenda á því hvort námið eigi eftir að nýtast þeim í starfi, þvert á námslínur.



Mynd 8 Niðurstöður gefa til kynna að nemendur séu heilt yfir ánægðir með NTV skólann.

Markmið og úrbætur

Eldri markmið

Bæta við fyrirfram uppteknu námsefni

Markmið ársins 2020 var að auka verulega framboð af séruppteknu námsefni (myndbönd) sem nemendur hafa aðgang að í gegnum nemendaumhverfi skólans. Nemendur hafa síðustu árin haft aðgang að upptökum úr kennslustundum en upptökur án nemenda eru oft styttri og hnitmiðaðri. Við höfum bætt við fyrirfram upptekið efni jafnt og þétt síðustu annir en skólaárið 2020 var unnið að því að útbúa styttri upptökur sem nemendur geta litið í ef þá vantar frekari skýringar á ákveðnum efnisþáttum. Við mælum vissulega með því að nemendur horfi á allar upptökur en styttri upptökurnar hafa auk þess reynst vel við upprifjun í verkefnavinnu. Heilt yfir voru nemendur ánægðir með þessa viðbót.

Bæta svörun í kennslumati

Kennslumat er eitt af okkar lykil stjórntækjum og endurgjöf frá nemendum eitt það mikilvægasta sem við byggjum okkar umbótastarf á. Það skiptir því veigamiklu máli að heyra hvað nemendur hafa um námið og kennsluna að segja. Kennslukannanir hafa gjarnan verið sendar út í síðasta tíma eða jafnvel eftir að námi lýkur og hefur svörun verið misgóð eftir hópum. Til að auka svörun var því gripið til þess að senda kannanirnar fyrir af stað, um tveimur vikum fyrir námslok. Aðstæður skólaárið 2020 voru ólíkar því sem við þekkjum sökum Covid. Svörun í kennslumati var misgóð eftir hópum enda erfiðara að ná til nemenda þegar allir eru færðir í fjarnám.

Opna nýja heimasíðu

Ný heimasíða hefur verið í vinnslu frá árinu 2018. Sú vinna hefur dregist á langinn og náðist ekki að opna hana eins og til stóð þetta árið. Það á eftir að vinna úr smávægilegum hnökrum og verður stefnt að því að opna nýja heimasíðu skólaárið 2021.

Markmið fyrir skólaárið 2021

Auka námsframboð á erlendum tungumálum

Aukin eftirspurn hefur verið eftir námskeiðum á erlendum tungumálum og stefnum við að því að bjóða upp á sölunám og skrifstofuskólann á ensku og pólsku skólaárið 2021.

Bæta svörun í kennslumati

Kennslumatið er eitt af okkar lykil stjórnækjum og endurgjöf frá nemendum eitt það mikilvægasta sem við byggjum okkar umbótastarf á. Það skiptir því veigamiklu máli að heyra hvað nemendur hafa um námið og kennsluna að segja. Kennslukannanir hafa gjarnan verið sendar út í síðasta tíma eða jafnvel eftir að námi lýkur og hefur svörun verið misgóð eftir hópum. Til að auka svörun var því gripið til þess að senda kannanirnar fyrr af stað, um tveimur vikum fyrir námslok.

Auka sveigjanleika í námi

Árið 2020 hefur hlutfall staðar- og fjarnema tekið miklum breytingum þar sem sífellt fleiri kjósa fjarnám á þeim námslínunum sem slíkt er í boði. Við höfum síðustu annir aukið til muna framboð fyrirfram upptekins efnis ásamt því að aðlaga verkefnaskil með þeim hætti að kennarar hafi góða yfirsýn yfir námsframvindu og framlag nemenda. Markmið okkar er bæta fjarnámið enn frekar á komandi önnum.

Opna nýja heimasíðu

Ekki tókst að opna nýja heimasíðu skólaárið 2020 líkt og til stóð en stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu árið 2021.

Endurmenntun starfsmanna

Endurmenntun starfsmanna er mikilvægur liður í þróun starfsmanna og skólastarfsins í heild og eru starfsmenn hvattir til að sækja sér námskeið sem nýtast í starfi. Stefnt er að starfsdegi á haustönn þar sem miðað verður að skipulagðri markmiðasetningu um endurmenntun starfsmanna.

Starfsmannakönnun

Starfsmenn byggja skólann og er mikilvægt að raddir allra komi fram. Þrátt fyrir að skólinn sé lítill og samskipti mikil milli starfsmanna sem eru með mikla viðveru þá er alltaf gott að hver og einn velti ákveðnum spurningum upp með sjálfum sér og setji á blað. Stefnt er að því að útbúa starfsmannakönnun fyrir skólaárið 2021 og nýta niðurstöður hennar til umbótastarfs.

Meiri og betri upplýsingagjöf til utanaðkomandi kennara varðandi starfshætti

Auka þarf gæðavitund og bæta verkferla hjá kennurum skólans með það að markmiði að samhæfa vinnubrögð og utanumhald sem ma. snýr að kennslu, skráningu, endurgjöf, öryggismálum ofl. Nýliðþjálfun kennara hefur að sama skapi verið ábótavant hvað þetta varðar.

Betri svörun á Facebook síðu skólans

Þar sem að Facebook síða skólans er einn liður í að auglýsa skólann og reglulega berast fyrirspurnir þar þá er mikilvægt að svörun sé með skipulögðum hætti. Þrír starfsmenn skólans hafa aðgang inn á síðuna og skiptir máli að hver og einn þekki sitt hlutverk þar. Lagt er upp með að skólastjóri sinni fyrst og fremst svörun og passi upp á að öllum skilaboðum sé svarað. Þegar við á þá leggur hann hlutverkið í hendur annarra. Jafnframt er mikilvægt að dagsetningar námskeiða séu uppfærðar inn á síðunni svo ekki skapist misræmi á milli heimasíðu skólans og Facebook síðu.

Kannanir til eldri nemenda

Kennslukannanir hafa verið sendar út til nemenda síðustu árin og gefist vel við úrbótastarf skólans. Hugmynd hefur verið um að senda út kannanir til fyrri nemenda til að kanna hvernig námið nýttist á vinnumarkaði, hvort þeir telji ákveðna efnisþætti vanta inn í námið og hvort þeir hafi ábendingar um áhugaverð og gagnleg námskeið umfram það sem skólinn býður nú þegar upp á. Markmið þess að senda slíkar kannanir er fyrst og fremst til að sækja hugmyndir um vöruþróun og auka gæði skólastarfsins.